



Fjölís

**SKÝRSLA STJÓRNAR –
GAGNSÆISSKÝRSLA 2021 -2022**

YFIRLIT YFIR STARF STJÓRNAR MAÍ 2021-MAÍ 2022

Á aðalfundi Fjölís þann 21. maí 2021 var ný stjórn skipuð yfir félagið.

Aðalstjórn (stjórnarmenn eru jafnframt varamenn fulltrúaráðs) er þannig skipuð:

Halldór Þ. Birgisson, formaður f.h. FÍBÚT
Ragnar Th. Sigurðsson, varaformaður f.h. Myndstefs
Snæbjörn Guðmundsson, f.h. Hagþenkis
Sindri Freysson, f.h. RSÍ
Páll Ragnar Pálsson, f.h. STEF
Hjálmar Jónsson, f.h. Bláðamannafélags Íslands
Gylfi Garðarsson, f.h. Sítons

Fulltrúaráð skv. tilnefningu aðildarsamtaka sem flestir eru varamenn í stjórn, eru:

Egill Örn Jóhannsson, f.h. FÍBÚT
Harpa Fönn Sigurjónsdóttir, varamaður í stjórn, f.h. Myndstefs
Logi Bjarnason, aðalmaður í fulltrúaráði, f.h. Myndstefs
Friðbjörg Ingimarsdóttir, f.h. Hagþenkis
Karl Ágúst Úlfsson, f.h. RSÍ
Guðrún Björk Bjarnadóttir f.h. STEFs
Arndís Þorgeirsdóttir, f.h. Bláðamannafélags Íslands
Björgvin Þ. Valdimarsson, f.h. Sítons

Framkvæmdastjóri er Helga Sigrún Harðardóttir.

Fjölís er hagsmunafélag sjö höfundaréttarsamtaka sem koma fram fyrir hönd réttihafa að verkum sem njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósritun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annari hliðstæðri eftirgerð. Heimild Fjölís er að finna í gr. 26.b. höfundalaga nr. 73/1972 og samþykktum fyrir Fjölís nr. 494/1985, með síðari breytingum, sem staðfestar eru af mennta- og menningarmálaráðherra.

Stjórnarhættir Fjölís eru þannig að stjórn félagsins er skipuð fulltrúum allra aðildarféлага. Framkvæmdastjóri fer með daglegan rekstur félagsins í samráði við og undir eftirliti stjórnarformanns og skv. samþykktum félagsins. Stjórnarfundir eru haldnir skv. ákvörðun stjórnar.

Fjölís veitir samningskvaðaleyfi skv. samningum, innheimtir tekjur vegna þeirra og úthlutar aðildarsamtökum sínum að frádregnum 12% til hefðbundins rekstrar, s.s. launakostnaðar, skrifstofurekstrar, fundahalda, viðhalds á heimasíðu o.þ.h. Ekki er um annars konar frádrátt frá tekjum að ræða, s.s. vegna félagslegrar, menningartengdrar eða menntunartengdrar þjónustu. Enginn annar rekstur er á vegum félagsins og engar aðrar einingar tengjast rekstri félagsins.

Skv. ákvörðun stjórnar Fjölís og vegna eðlis hins kollektífa fyrirkomulags, stendur félagið ekki fyrir úthlutun til réttihafa sjálfra, heldur renna fjármunir sem tilheyra persónugreinanlegum réttihöfum til aðildarfélaganna sem sjá sjálf um að úthluta þeim í samræmi við 15. gr. laga um sameiginlega umsýslu höfundaréttar nr. 88/2019 og almenna stefnu um réttindagreiðslur til réttihafa, umsýslukostnað og frádrætti aðra en vegna umsýslukostnaðar.

1 FUNDIR OG HELSTU VERKEFNI

Frá aðalfundi, 21. maí 2021 hefur verið haldinn einn hefðbundinn stjórnarfundur. Tíðni funda ræðst af verkefnum skv. ákvörðun stjórnar.

Verkefni starfsársins fólust í hefðbundinni innheimtu og úthlutun.

Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður sóttu fund norrænna systursamtaka í Kaupmannahöfn í október 2021. Aðrir fundir voru haldnir rafrænir. Áætlanir um að halda sameiginlegan fund norrænna systursamtaka í Reykjavík í ágúst 2020 og aftur síðla árs 2021 runnu út í sandinn vegna takmarkana sem heimsfaraldur Kórónuveirunnar olli. Fundurinn var haldinn í Reykjavík 5. maí 2022 og tókst í alla staði mjög vel. 42 erlendir gestir sóttu fundinn, þ.m.t. framkvæmdastjóri Ifrro.

Starfshlutfall framkvæmdastjóra hefur frá árinu 2017 verið 30% vegna minnkaðs umfangs við samningagerð og innheimtu. Tekjur drógust saman um 2,5% milli ára. Vert er að geta þess að tekjur vegna Stjórnarráðssamnings á árinu 2020 voru vegna tveggja ára notkunar. Leiðrétt hlutfall gefur því raunaukningu tekna um 4,4%. Tekjur félagsins nema um 410 kr. á hvern íbúa á Íslandi.

Í kafla 2 má finna upplýsingar um tekjur félagsins og gjöld. Í kafla 3 er að finna upplýsingar um úthlutanir fjármuna að frádregnum umsýslukostnaði. Í kafla 4 er að finna yfirlit yfir stöðu samningamála og í kafla 5 er að finna yfirlit yfir verkefni framundan.

2 TEKJUR OG GJÖLD

2.1 TEKJUR

Tekjur vegna stóra skólasamningsins eru sem fyrr stærsti einstaki tekjuliður vegna samninga Fjöflís. Hann nær til endurgjalds fyrir afritun í öllu skólakerfinu þ.m.t. einkaskólum, tónlistarskólum og háskólum. Innheimtar tekjur ársins 2020 voru sem hér segir;

	2021	2020
Grunn-, framhalds- og -háskólar	122.500.000	118.700.000
Stjórnarráð Íslands og stofnanir þess	10.300.000	20.300.000
Sveitarfélög	9.990.345	9.172.836
Kirkjuráð	830.977	477.227
Kórar	2.775.100	2.101.792
Erlend fjölföldun	1.893.010	1.421.720
Samtals tekjur vegna samninga	148.289.432	152.173.575
Vaxtatekjur	142.034	208.815
Vaxtagjöld	2.755	87.944
Samtals tekjur vegna samninga 2021	148.428.711	152.294.446

2.2 GJÖLD


	2021	2020
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	<i>4.724.647</i>	<i>4.546.178</i>
<i>Stjórnarlaun</i>	<i>4.613.311</i>	<i>4.152.650</i>
<i>Rekstrarkostnaður skrifstofu/félagsins</i>	<i>3.320.707</i>	<i>3.167.802</i>
<i>Varúðarniðurfærsla krafna/afskriftir</i>	<i>261.000</i>	<i>1.341.716</i>
<i>Samtals rekstrarkostnaður</i>	<i>12.919.665</i>	<i>13.208.346</i>

Rekstrarkostnaður nam á árinu 2021 um 8,7% af heildartekjum félagsins og hefur lækkað úr 17,8% frá árinu 2015 eða um rúm 51%, í krónum talið.

Sundurliðun rekstrarkostnaðar:

Aðildrgjöld lfrro:	1.136.800
Húsaleiga:	480.000
Endurskoðun og reikningsskil:	703.607
Fundakostnaður:	495.949
Rekstur tölvukerfis/tölvubúnaður:	283.704
Afskrifaðar kröfur:	62.293
Þjónustugjöld o.þ.h.	158.354
Samt:	3.320.707

Rekstrarkostnaður Fjölís



■ Laun og launatengd gjöld ■ Stjórnarlaun ■ Annar rekstrarkostnaður

3 ÚTHLUTUN TIL AÐILDARFÉLAGA OG ERLENDRA RÉTTAFASAMTAKA

Yfirlit yfir úthlutanir í kafla 3 tekur mið af innheimtu og úthlutun samningstekna vegna tekna sem tilheyra samningum og notkun ársins 2021. Í því felst að munur getur verið á yfirliti í þessari skýrslu og úthlutun í endurskoðuðum ársreikningi þar sem í einstökum tilvikum getur verið um að ræða að samningar eru gerðir afturvirkir og greiðslur þar með eða ef greiðslur og þar með talin úthlutun fara fram eftir áramót. Skv. ákvörðun stjórnar heldur Fjölís eftir 12% af tekjum til að standa undir rekstrarkostnaði. Ekki er um annan frádrátt að ræða.

3.1 STÓRI SKÓLASAMNINGURINN

Greiðsla frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, vegna samnings um ljósritun í skólum nam 122.500.000 kr. Í maí 2021 var 88.844.579 kr. úthlutað til innlendra réttfafa. Erlend úthlutun að fjárhæð 18.955.421 kr. fór fram í desember s.á. eða samtals 107.800.000 kr. Úthlutun var eftirfarandi skv. gagnkvæmnisamningum við erlend systursamtök og skv. samkomulagi aðildarfélaga þar um:

Aðildarfélag:	Hlutdeild mismunandi eftir skólastigum	kr.
Erlendir réttfapar		18.955.421
FÍBÚT		19.733.054
Blaðamannafélag Íslands		2.961.621
Hagþenkir		30.350.319
Myndstef		19.594.804
Rithöfundasamband Íslands		8.884.458
STEF		6.653.783
Sítón		666.540
Samtals		107.800.000

3.2 STJÓRNARRÁÐ

Greiðsla barst vegna Stjórnarráðssamningsins undir árslok og nam 10.300.000. Úthlutun fór fram í desember 2021.

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
Erlendir réttfapar		966.706
FÍBÚT	29	2.348.215
Blaðamannafélag Íslands	18	1.457.513
Hagþenkir	39	3.157.945
Myndstef	11	890.702
Rithöfundasamband Íslands	2	161.946
STEF	1	80.973
Samtals	100	9.064.000

3.3 KIRKJURÁÐ

Greiðslur vegna samnings við Kirkjuráð námu 830.977 kr. á árinu 2021 og var 731.260 kr. úthlutað í janúar 2022.

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
<i>Erlendir réttihafar</i>		75.188
FÍBÚT	9,35	61.343
<i>Blaðamannafélag Íslands</i>	1	6.561
<i>Hagþenkir</i>	1	6.561
<i>Myndstef</i>	2	13.121
<i>Rithöfundasamband Íslands</i>	13	85.289
STEF	67,4	442.192
<i>Sítón</i>	6,25	41.004
Samtals	100	731.260

3.4 KÓRAR

Greiðslur vegna samninga við kóra á árinu 2021 námu 2.775.100 kr. kr. Úthlutun, 1.957.293 kr. fór fram í október 2021 og apríl 2022. Í október til innlendra aðildarsamtaka, 299.047 kr. og erlendra samtaka, 116.296 kr. Í apríl var aftur úthlutað vegna greiðslna sem þá höfðu borist, 1.658.246 kr. til innlendra samtaka og 644.873 til erlendra réttihafa.

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
<i>Erlendir réttihafar</i>		517.882
FÍBÚT	9,35	183.007
<i>Blaðamannafélag Íslands</i>	1	19.572
<i>Hagþenkir</i>	1	19.572
<i>Myndstef</i>	1	19.572
<i>Rithöfundasamband Íslands</i>	22	430.604
STEF	59,4	1.162.632
<i>Sítón</i>	6,25	122.330
Samtals	100	1.957.293

3.5 STJÓRNSÝSLA SVEITARFÉLAGA

Innheimtar voru á árinu 9.990.345 kr. skv. rammamningi um stjórnsýslu og rekstur sveitarfélaga. Úthlutun, sem fram fór í október 2021 nam 8.791.504 kr.

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
Erlendir réttihafar		811.128
FÍBÚT	29	2.314.309
Blaðamannafélag Íslands	18	1.436.468
Hagþenkir	39	3.112.347
Myndstef	11	877.841
Rithöfundasamband Íslands	2	159.608
STEF	1	79.804
Samtals	100	8.791.504

3.6 ERLENDAR TEKJUR

Greiðslur til íslenskra réttihafa vegna gagnkvæmnisamninga við erlend systursamtök námu 1.893.010 kr. á árinu 2021. Greiðslan skiptist með eftirfarandi hætti skv. gildandi skiptingu um sambærilega samninga innanlands. Þrjú félög, FÍBÚT, Hagþenkir og Rithöfundasambandið móttóku eining greiðslur sem bárust með upplýsingum um nafngreinda réttihafa sem eiga aðild að þeim samtökum. Aðallega er um að ræða afritun í skólum. Fjölís tekur ekki umsýslugjald vegna innheimtu þessarra tekna heldur renna þær óskertar til aðildarfélaga.

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
FÍBÚT		776.111
Blaðamannafélag Íslands		18.366
Hagþenkir		586.945
Myndstef		123.315
Rithöfundasamband Íslands		350.604
STEF		35.045
Sítón		2.624
Samtals	100	1.893.010

3.7 ÚTHLUTUN HA SJÓÐS SKV. ÁKVÖRÐUN STJÓRNAR

Stjórn ákvað úthlutun á sjóði sem innihélt tekjur frá því reynslusamningur var gerður við Háskólann á Akureyri um stafræna afritun og dreifingu höfundaréttarvarins efnis. Nam sjóðurinn 1.388.872 kr. og var úthlutað í ágúst 2021 með eftirfarandi hætti í samræmi við ákvörðun stjórnar.

Aðildarfélag:	% hlutdeild innanlands	kr.
FÍBÚT	23,5	326.385
Blaðamannafélag Íslands	3,5	48.611
Hagþenkir	36,5	506.938
Myndstef	23,5	326.385
Rithöfundasamband Íslands	10	138.887
STEF	3	41.666
Samtals	100	1.388.872

3.7 HEILDARÚTHLUTUN VEGNA SAMNINGA ÁRSINS 2021

Heildarúthlutun Fjölís á innheimtum tekjum ársins 2021 nam 130.609.008 kr. eða tæplega 92% af innheimtum tekjum. Úthlutun innanlands nam 118.911.205 kr. eða rúmlega 85% af heildarúthlutun. Tæp 15% af tekjum Fjölís runnu til erlendra réttihafa skv. samningum þar um. Heildarúthlutun skiptist með neðangreindum hætti á milli erlendra réttihafa og aðildarféлага:

Aðildarfélag:	2021	2020
VG WORT, DE	1.000.668	1.007.850
CopyDan, DA	1.304.146	1.376.969
Bonus Copyright Access, SE	2.416.039	2.525.504
Copyright Licensing Agency, UK	6.823.914	6.944.609
Copyright Clearance Center, USA	7.090.413	7.326.789
Kopinor	1.156.334	1.267.953
FÍBÚT	25.742.424	27.919.042
Blaðamannafélag Íslands	5.948.712	7.561.881
Hagþenkir	37.740.627	41.379.396
Myndstef	21.845.740	23.211.279
Rithöfundasamband Íslands	10.211.396	10.081.510
STEF	8.496.095	7.976.998
Sítón	832.498	781.100
Samtals	130.609.008	139.360.880

4 SAMNINGAMÁL

Ekki kom til synjunar á árinu á beiðni um leyfisveitingu sbr. 5. mgr. 26. gr. d höfundalaga.

4.1 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Samningur sem tekur til alls menntastarfs í landinu var endurnýjaður 2019, til þriggja ára og átti því að koma til endurnýjunar á árinu 2021 fyrir árin 2022-2025. Endurnýjun samningsins tók talsvert lengri tíma en væntingar stóðu til en var að lokum undirritaður af hálfu Fjölís þann 12. maí 2022 eða sama dag og þessi skýrsla er rituð. Ráðherra menntamála hafði þá ekki haft svigrúm til að

undirrita hann en væntingar standa til þess að það verði gert á næstu dögum og andvirði hans greitt án tafar.

4.2 KÓRAR

Samningar við kóra og landssambönd þeirra endurnýjast sjálfkrafa ár frá ári og uppfærast m.v. vísitölu til verðtryggingar.

4.3 KIRKJURÁÐ

Samningur við Kirkjuráð endurnýjast sjálfkrafa ár frá ári og uppfærast m.v. vísitölu til verðtryggingar.

4.4 SVEITARFÉLÖG

Samningar við sveitarfélög endurnýjast sjálfkrafa ár frá ári og uppfærast m.v. vísitölu til verðtryggingar.

4.5 STJÓRNARRÁÐIÐ

Samningur við Stjórnarráðið var endurnýjaður 2020, afturvirkur um ár en til þriggja ára og stendur því yfir endurskoðun á honum fyrir árin 2022-2025. Mat á honum skv. samtölum við tengiliði Stjórnarráðsins stendur fyrir dyrum.

5 ERENT SAMSTARF

5.1 NORRÆNN STÓRFUNDUR

Norrænu systursamtök Fjölís hafa haldið sameiginlegan fund árlega. Til stóð að halda þann fund í Reykjavík 2020 og 2021 en vegna kórónuveirufaraldursins var honum frestað til ársins 2022 og haldinn í Reykjavík þann 5. maí með þátttöku tæplega 60 manns, þ.a. 42 erlendra gesta. Megin viðfangsefni þess fundar var innleiðing DSM tilskipunarinnar þar sem þrír erlendir sérfræðingar frá frönskum og þýskum systursamtökum fluttu erindi og framkvæmdastjóri Ifrro einnig. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður sóttu norrænan fund í Kaupmannahöfn í október 2021 og hafa sótt rafræna fundi þeirra einnig.

5.2 AÐRIR ALÞJÓLEGIR FUNDIR

Formaður og framkvæmdastjóri sóttu rafrænan aðalfund Ifrro í nóvember 2021.

6 VERKEFNI FRAMUNDAN

Gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi á rekstri Fjölís í samræmi við samþykkt stjórnar þar um. Framkvæmdastjóri, í hlutastarfi, sinnir reikningagerð og innheimtu gjalda og samskiptum við viðskiptavini og viðsemjendur. Þá er fylgst með breytingum á löggjöf eftir þörfum, innlendum og erlendum fyrirspurnum svarað og þjónusta veitt aðildarfélögum og erlendum

samningsaðilum varðandi upplýsingagjöf um málefni Fjölís. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður sjá um viðræður við viðsemjendur um endurnýjun samninga.

Snemma árs 2021 barst ósk frá menntamálaráðuneytinu um að Fjölís skipaði fulltrúa í nefnd sem ætlað er að gera tillögur um afritun og birtingu íslensks prentarfs á netinu. Stjórn Fjölís hefur tilnefnt framkvæmdastjóra Fjölís til þátttöku í þeirri vinnu en ekki hefur verið boðað til fundar þar enn.

Ráðuneyti menntamála hefur einnig óskað samráðs vegna innleiðingar á s.k. DSM löggjöf Evrópusambandsins um sameiginlegan stafrænan innri markað ESB og unnið er að því samstarfi.


Samstarf Norrænna samtaka er auk þess talsvert vegna sérstöðu þeirra í samanburði við sambærileg samtök í heiminum. Sú sérstaða er m.a. til komin vegna löggjafar sem inniheldur heimildir til samningskvaðaleyfa (e. ECL). Samstarf er einnig talsvert vegna innleiðingar á löggjöf Evrópusambandsins og samræmingar á ákvæðum norrænna höfundalaga.

Unnið er að umsókn um viðurkenningu menntamálaráðuneytisins á Fjölís sem sameiginlegri umsýslustofnun skv. höfundalögum sbr. reglugerð 821/2021. Hún verður lögð fram á árinu.

Stefnt er að því að sækja fund Ifrro í Evrópu í maí og aðalfund samtakanna í Brussel í nóvember. Þá mun framkvæmdastjóri sitja s.k. tölfræðifund með norrænum systursamtökum í Osló í júní þar sem til umræðu verða m.a. málefni um gerð kannana auk þess sem rætt verður um úthlutnarreglur vegna A-hluta samninga sem ekki gera eigin kannanir. Þar á meðal er Fjölís en sem kunnugt er úthlutar Fjölís tekjum erlendra samtaka á grundvelli úthlutnartalna frá systursamtökum á Norðurlöndunum. Þau viðmið hafa staðið óbreytt frá 2016 og því þörf á að uppfæra þau. Hugsanlegt er að sækja einnig fund Nordisk Symposium í Noregi í ágúst, m.a. vegna samráðs um innleiðingu DSM tilskipunar sem er að hefjast hér á landi.

Rekstur Fjölís hefur verið í mjög góðu horfi undanfarin ár þar sem innheimtar tekjur hafa stöðugt aukist á sama tíma og kostnaður við rekstur félagsins hefur verið lækkaður verulega á undanförunum árum.

Maí 2022



Halldór Þ. Birgisson
formaður